

7. september 2020

# Frístundastarf fyrir grunnskólanemendur

Spurt og svarað um frístundastarf á hættustigi vegna COVID-19

Byggt á auglýsingu heilbrigðisráðherra um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. [811/2020](#), og reglugerðar nr. [864/2020](#).

## 1. Hvaða sóttvarnarráðstafanir eru í gildi á frístundaheimilum og í starfi félagsmiðstöðva?

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar starfa með hefðbundnum hætti en þar eru eftirtaldar sóttvarnarráðstafanir í gildi:

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglulegum handþvotti og sótthreinsun.

Náandarregla og fjöldatakmarkanir gilda ekki fyrir nemendur á grunnskólaaldri, þ.e. börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005. Starfsfólk í frístundastarfi þarf því ekki að viðhafa fjarlægðarmörk milli sín og barnanna. Fullorðnir verða að virða fjöldatakmarkanir sem eru í gildi hverju sinni.

Starfsfólk þarf að tryggja að **minnst eins metra fjarlægð** sín í milli. Sé ekki hægt að uppfylla þá náandarreglu er mælst til þess að fólk noti hlífðargrímu sem hylur munn og nef. **ATH:** Grímur koma ekki í staðinn fyrir náandarregluna, hana á ávallt að virða fyrst. Brýnt er að huga að rétri notkun hlífðargríma, sjá nánar í [leiðbeiningum landlæknis](#).

Sýna ber fyllstu tillitssemi og varkárni gagnvart nemendum, kennurum og starfsfólki í áhættuhópum

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglulegum handþvotti og sótthreinsun. Sótthreinsa skal sameiginlega snertifleti og

7. september 2020

fylgja viðmiðum [um þrif](#). Mikilvægt er að fylgja eftir þeim sóttvarnarleiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

## **2. Mega börn og unglingar nota sameiginleg svæði óhindrað?**

Já, nándarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005.

## **2. Hvað gerist ef upp kemur smit í frístundastarfi?**

Viðbragðsáætlanir eiga að vera til staðar í öllu frístundastarfi líkt og í skólum. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit eru að finna [hér](#).

## **3. Hvaða viðmið eru í gildi vegna heilsufars nemenda/starfsfólks s.s. vegna flensueinkenna?**

Börn, unglingar og starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva eiga ekki að mæta í frístundastarf ef þau:

- a. Eru í sóttkví, einangrun eða bíða niðurstöðu sýnatöku.
- b. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- c. Eru með flensueinkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.). Miðað er við að börn, unglingar og starfsfólk skuli vera hitalaus a.m.k. einn sólarhring áður en þau snúa aftur í skóla- og frístundastarf ef veikindi stafa af öðru en COVID-19.

Mikilvægt er að foreldrar barna og unglinga og starfsfólk í frístundastarfi hugi áfram vel að sóttvörnum og smithættu.

## **4. Er takmarkað aðgengi að frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, s.s. fyrir foreldra/gesti/utanaðkomandi?**

7. september 2020

Aðgengi að skólabyggingum og öðrum mannvirkjum sem notuð eru í frístundastarfi er ekki takmarkað sé hægt að fylgja sóttvarnarráðstöfunum.

Foreldrum/aðstandendum ber að virða fjarlægðarmörk og halda **minnst 1 metra** fjarlægð frá öðrum foreldrum og starfsfólki. Þetta á einnig við um aðra sem koma inn í byggingar, til þess að sinna t.d. viðhaldi húsnæðis eða afhenda vörur.

Ákvarðanir um nánari útfærslu er á ábyrgð sveitarstjórna og stjórnenda í frístundastarfi sveitarfélaga. Mikilvægt er að fylgja eftir þeim leiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

### **5. Þurfa foreldrar og gestir að spritta hendur sínar við komu inn í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar?**

Mælst er til þess að allir gæti áfram ítrustu varúðar og hreinlætis við komu í byggingar á skólasvæðum af tillitssemi við börn, unglinga og starfsmenn. Nánari útfærsla þessa í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er í höndum umsjónarfólks frístundastarfs.

### **6. Á að halda úti aukaprifum og sóttþreinsun þetta skólaár?**

Vegna sóttvarnarráðstafana er mikilvægt að halda áfram að huga mjög vel að hreinlæti. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur gefið út [viðmið um þrif](#).

### **7. Er í lagi að halda teymisfundi, starfsmanna- eða deildarfundi starfsfólks? Má starfsfólk af ólíkum deildum fara saman í pásur og kaffitíma?**

Já, en gæta skal að lágmarksfjarlægð um **minnst eins metra fjarlægð** á milli starfsfólks og gildandi reglum um hámarksfjölda í hverju rými.

Í stærri starfseiningum er mikilvægt að huga að samgangi starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun starfsfólks, t.d. milli húsa og starfseininga, eins og kostur er. Þetta á ekki síst við ef smit eru í algeng í nærsamfélaginu.

7. september 2020

**8. Er í lagi að halda viðburði innan frístundastarfsins og fara með nemendur í ferðir?**

Já, en gæta skal að hægt sé að halda lágmarksfjarlægð um minnst einn metra á milli starfsfólks og gildandi reglum um hámarksfjölda einstaklinga í hverju rými. Tryggja þarf góðar sóttvarnir, s.s. með aðgangi að hreinlætisaðstöðu til handþvotta og spritti.